



Til nefndar til að meta hæfni umsækjenda um
embætti seðlabankastjóra

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 1. júlí 2019
Tilv.: FOR19020026/11.8

Vísað er til umsagnar hæfnisnefndar samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, dags. 25. júní sl.

Hinn 20. júní sl. var samþykkt á Alþingi frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Nýsamþykkt lög um Seðlabanka Íslands munu öðlast gildi 1. janúar nk.

Þegar embætti seðlabankastjóra var auglýst laust til umsóknar 20. febrúar sl. og þegar hæfnisnefndin vann mat sitt skv. 2. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands lá ekki fyrir niðurstaða Alþingis um framangreindar breytingar á lagaumgjörð Seðlabanka Íslands sem nú hafa verið samþykktar. Var nefndinni því rétt að afmarka athugun sína á hæfni umsækjenda við starfsskyldur seðlabankastjóra eins og þær eru í dag að óbreyttu. Þrátt fyrir að nýsamþykkt lög hafi ekki enn tekið gildi, og verði því ekki lögð til grundvallar sem slík við skipun í embætti seðlabankastjóra fyrir gildistöku laganna, fela þau eigi að síður í sér áreiðanlegar upplýsingar um framtíðarskipulag og verkefni stofnunarinnar og þar með starfsumhverfi seðlabankastjóra sem veita mun stofnuninni forstöðu eftir gildistöku laganna. Er því að mati ráðuneytisins málefnalegt að hafa framangreindar breytingar til hliðsjónar við mat á hæfni umsækjenda um embættið samkvæmt gildandi lögum.

Með hliðsjón af framangreindu óskar ráðuneytið eftir því að nefndin meti hvort þær breytingar, sem nú er fyrirsjáanlegt að verði á starfsumhverfi seðlabankastjóra, kalli að einhverju leyti á breytt mat á hæfni umsækjenda um embættið, svo sem breytt innbyrðis vægi einstakra hæfnisþátta. Ráðuneytið ítrekar þó að hin almennu hæfnisskilyrði hinna nýsamþykktu laga sem öðlast munu gildi 1. janúar 2020 eru þau sömu og í gildandi lögum.

Ráðuneytið fer þess á leit að endurskoðuð umsögn, með efnisbreytingum ef við á, berist ráðuneytinu eigi síðar en 4. júlí nk. Þá er þess jafnframt óskað að í umsögn nefndarinnar komi fram innbyrðis vægi einstakra hæfnisþátta sem liggja til grundvallar mati nefndarinnar á hæfni umsækjenda.

Katrín Jakobsdóttir